



Minnisblað - nýjar reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka

Við vinnslu máls nr. 2023030062, um styrki til félaga og félagasamtaka 2023, kom í ljós að núgildandi reglur um styrki til félaga og félagasamtaka til greiðslu fasteignaskatts skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sem settar voru 2018, eru að mörgu leyti ófullnægjandi og óskýrar um málsmeðferð og styrkveitingar skv. lagaheimildinni.

Lagt er því til við bæjarstjórn að samþykkja nýjar uppfærðar reglur um málið.

Grunnákvörðun bæjarstjórnar frá 2018 er sú sama, að samþykkja að félög og félagasamtök, sem reka ákveðna tegund starfsemi, og ekki í ágóðasyni, og eru eigandi fasteigna í Ísafjarðarbæ, verði veittur styrkur sem nemur álögðum opinberum gjöldum á eign sinni. Er lagaheimildin til staðar í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995.

Aftur á móti færi betur á því að skýra með nákvæmari hætti hvaða skilyrði félögin þurfa að uppfylla til að vera styrkhæf, sbr. 2. gr. reglnanna, og að setja inn þann varnagla að ekki sé verið að veita bæði styrki til greiðslu fasteignaskatts skv. reglum þessum ef viðkomandi félagsskapur er jafnframt með samningsbundna rekstrarstyrki hjá Ísafjarðarbæ, sbr. e-liður reglnanna.

Í 3. gr. er fjallað um styrkfjárhæð, og er hún sú sama, kr. 130.000. Með hliðsjón af veitingu styrkja síðustu ár má sjá að sú fjárhæð er fullnægjandi fyrir langflest félögin í sveitarfélaginu, þannig að fasteignaskattur sé að fullu styrkhæfur. Þau félög sem greiða hærri fasteignaskatt en sem þessu nemur eru rekin með miklum hagnaði, skv. ársreikningi, að teknu tilliti til þess að virk starfsemi sé í félaginu og félagsgjöld innheimt.

Þó er ákvæði um styrkveitingu holræsagjalda tekið út úr nýjum reglum, enda samræmist sú styrkveiting ekki lagaheimildinni, þar sem eingöngu er kveðið á um fasteignaskatt.

Í 4. gr. eru sett skýrari ákvæði um auglýsingu styrkja, og í stað þess að fastsettur sé ákveðinn dagur í febrúar er mælt fyrir um auglýsingu í upphafi hvers árs og að veita tveggja vikna frest hið minnsta.

Í 5. gr. eru ný ákvæði um þau gögn sem skila skal inn með umsókn, en ákvæðið byggir á núverandi verklagi að mestu leyti, sem rétt er þó að setja í reglurnar.

Þá eru nákvæmari ákvæði í nýrri 6. gr. um málsmeðferð um styrkveitingu; þ.e. hver veiti styrkinn, hvernig fara skuli með tilkynningar til umsækjanda, og hvernig fara eigi með ágreiningsmál.